

Þann 20. apríl 2011 var í fjármálaráðuneytinu kveðinn upp svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R

Með bréfi, dags. 19. nóvember 2010, kærði X (hér eftir nefndur kærandi) til ráðuneytisins ákvörðun ríkisskattstjóra, dags. 3. nóvember 2010. Í ákvörðun ríkisskattstjóra er beiðni X hafnað um endurgreiðslu virðisaukaskatts af öflun matsgerðar vegna september 2010 samtals að fjárhæð kr. 119.050.

Málavextir og málsástæður

Þann 6. desember 2010 móttók ráðuneytið kæru frá ríkisskattstjóra sem með bréfi dags. 2. desember 2010 framsendi kærana til ráðuneytisins. Í kærinni er farið fram á endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu matsmanns við ástandsskoðun, tjónamat og viðgerðarkostnað. Í kærinni kemur fram að vinna matsmanns hafi verið unnin á byggingarstað og því sé ákvörðun ríkisskattstjóra kærð. Þá er vísað til þess að ekki sé hægt að sjá hvaða munur sé á því hvort um sé að ræða matsmann sem ráðinn sé að beiðni kæranda eða hvort hann sé kallaður til af dómstólum landsins.

Í ákvörðun ríkisskattstjóra, dags. 3. nóvember 2010, kemur fram að honum hafi borist beiðni kæranda dags. 28. október 2010 um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyprtar vinnu verktaka við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vísað er til þess að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 449/1990 og eyðublaði RSK 10.18, taki endurgreiðsla virðisaukaskatts einungis til vinnu manna sem unnin er á byggingarstað íbúðarhúsnæðis eða vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis. Fram kemur að skv. 1. gr. reglugerðar nr. 440/2009, um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, taki endurgreiðslan ekki til vinnu dómskvaddra matsmanna. Samkvæmt framangreindu hafnaði ríkisskattstjóri beiðni kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu matsmanns.

Með bréfi dags. 7. febrúar 2011 óskaði ráðuneytið eftir umsögn ríkisskattstjóra vegna málsins. Í umsögn ríkisskattstjóra, dags. 23. febrúar 2011 er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og til laga nr. 10/2009, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og síðari breytingarlaga þar að lútandi. Jafnframt vísar ríkisskattstjóri til reglugerðar nr. 440/2009, um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði auk annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga, auk reglugerðar nr. 449/1990 um endurgreiðslu af vinnu við íbúðarhúsnæði. Fram kemur það mat ríkisskattstjóra að túlka beri ákvæði reglugerðar nr. 440/2009 með hliðsjón af almennum reglum ákvæða 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 og 449/1990, þ.e. að aðeins skuli endurgreiða virðisaukaskatt vegna framkvæmda við nýbyggingu og vegna endurbóta eða viðhalds á íbúðarhúsnæði annars vegar og að framkvæmdirnar fari fram á verkstað hins vegar. Þá sé endurgreiðsluheimildin afmörkuð við hönnun og eftirlit annars vegar með byggingu húsnæðis og hins vegar við endurbætur eða viðhalds húsnæðis. Í samræmi við þetta fari því fjarri að endurgreiða skuli virðisaukaskatt vegna öflunar matsgerðar í dómsmáli sem höfðað sé í tilefni ágreinings út af uppgjöri o.fl. vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði. Eigi það jafnt við um það hvort um sé að ræða dómkvaddan matsmann eða ekki. Með vísan til þessa var það mat ríkisskattstjóra að á grundvelli framanritaðs bæri að staðfesta ákvörðun embættisins um að hafna endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við matsgerð vegna höfðunar dómsmáls.

Forsendur og niðurstaða

Í XIII. kafla laga nr. 50/1988 er fjallað um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Í 2. mgr. 42. gr. laganna segir að endurgreiða skuli byggjendum íbúðarhúsnæðis 60% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt skuli endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis 60% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Fram kemur að fjármálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á

grundvelli 42. gr. var sett reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði XV í lögum nr. 50/1988 er eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2012, gert kleift að fá endurgreiddan 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 42. gr. laganna. Jafnframt er eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2012, gert kleift að fá endurgreiddan 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis.

Á grundvelli bráðabirgðaákvæðis XV í lögum nr. 50/1988 hefur verið sett reglugerð nr. 440/2009, um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði, auk annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga. Í 1. gr. reglugerðarinnar kemur jafnframt fram að endurgreiða skuli eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis þann virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess sem og vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðisins.

Það er meginregla laga nr. 50/1988 að greiða skuli virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands af öllum stigum viðskipta, sbr. 1. gr. laganna. Af reglunni leiðir að virðisaukaskattur legst á endanlega neytendur vöru eða þjónustu. Ljóst er að samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum ber að skýra undanþágu frá skattalögum þröngri lögskýringu. Með vísan til þessa telur ráðuneytið að líta verði á ákvæði 3. mgr. 42. gr. og bráðabirgðaákvæði XV í lögum nr. 50/1988 sem undanþágu frá þeirri meginreglu að þeir aðilar sem ekki eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi beri að jafnaði þann virðisaukaskatt sem þeir greiða við kaup á vörum og þjónustu.

Eins og mál þetta liggur fyrir er farið fram á endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu matsmanns, vegna ástandsskoðunar, tjónamats og viðgerðarkostnaðar, sem unnin var á byggingarstað vegna íbúðarhúsnæðisins Y á Akranesi. Samkvæmt skýru orðalagi bráðabirgðaákvæðis XV í lögum nr. 50/1988, sbr. reglugerð nr. 440/2009 er aðeins heimilt að endurgreiða eigendum virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið af vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis sem og af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Í máli þessu liggur fyrir að hvorki var um að ræða viðhald eða endurbætur íbúðarhúsnæðis né hönnun eða eftirlit á slíku húsnæði, skv. bráðabirgðaákvæði XV í lögum nr. 50/1988, sbr. og reglugerð nr. 440/2009.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða ráðuneytisins að ekki sé heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt vegna matsgerðar þeirrar sem kærandi hafði aflagð. Á það jafnt við um það hvort vinnan vegna matsgerðarinnar hafi verið unnin á byggingarstað eða hvort sérfróður matsmaður hefur verið dómkvaddur af dómstólum eða ekki.

Úrskurðarorð

Ákvörðun ríkisskattstjóra, dags. 3. nóvember 2010 um að hafna beiðni kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts er staðfest.